

58 Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Skarðshreppi í Dalasýslu eyði-
31. okt. jörðina Hvarfsdal í Skarðshreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

59

L Ö G

31. okt.

um lækningaleyfi til handa dr. Karl Kroner.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita dr. med. Karl Kroner, fyrrum yfirlækni í Berlin, ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi. Fylgja því þau réttindi og skyldur, sem um getur í l. nr. 47 23. júní 1932.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. október 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

60

L Ö G

31. okt.

um bæjarstjórn í Ólafsfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ólafsfjarðarkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Ólafsfjarðarhrepp og heitir Ólafsfjarðarkaupstaður.

Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Eyjafjarðarsýslu.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.